



Yfirmaður : Deildarstjóri / leikskólastjóri

Stofnun / deild Leikskólar í Fjarðabyggð

1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar.

2. Helstu verkefni

2.1. Almennt

- Undir stjórn deildarstjóra vinnur starfsmaður að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar. Starfið er fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi þar sem enginn dagur er eins, en á hverjum degi getum við sameinast um að gera heiminn betri fyrir ung börn.

2.2. Stjórnsýsla og stefnumótun

- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

2.3. Teymisvinna

- Situr starfsmannafundi, deildarfundi og aðra fundi er leikskólastjóri segir til um og varða starfsemi leikskólans.

2.4. Samskipti

- Samstarf við foreldra/forráðamenn barna á leikskólanum.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

2.5. Önnur verkefni

- Sinnir þeim verkefnum er varða uppeldi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum.

3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði og skapandi hugsun
- Hæfni og áhugi á að vinna í hóp
- Reynsla af starfi með börnum
- Ábyrgð og stundvísi
- Góð íslenskukunnátta

Fjarðabyggð _____

Yfirmaður

Starfsmaður